



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Borgartúni 14

Tillaga fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um að hætta gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkur fyrir börn 17 ára og yngri - kostnaður

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 14. mars 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. febrúar 2022 þar sem vísað er til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs eftirfarandi tillögu Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fella niður gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkurborgar fyrir börn 17 ára og yngri. Lagt er til að gert verði ráð fyrir þessari breytingu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 og gjaldtöku hætt eigi síðar en í maí 2023.

Ráðið vísaði tillögunni til skoðunar hjá ÍTR.

Í sundlaugum Reykjavíkur byrja öll börn sem verða 6 ára á árinu að greiða barnagjald 1. júní ár hvert. Þessi tillaga miðast við að öll börn sem verða 18 ára á árinu byrji að greiða fullorðinsgjald 1. júní ár hvert.

Börn á aldrinum 6-17 ára greiða barnagjald í sundlaugarnar í Reykjavík sem er 175 kr. fyrir stakan aðgang og 114 kr. þegar keypt er 10 miða kort. Um 270.000 heimsóknir barna eru í sundlaugarnar í Reykjavík á ári. Tekjur vegna þessara heimsókna eru um 35.9 mkr. á ári.

Áætlaður kostnaður á ári við að veita þessum aldurshópi 6-17 ára frítt í sund er um 35.9 mkr. á ári.

Virðingarfyllt,

Andrés B Andreassen,

fjármálastjóri.